



Reykjavíkurborg

Borgarstjórnin í Reykjavík

Reykjavík, 26. nóvember 2019

R19040023

352

Borgarráð

Starfshópur um aðstöðu fyrir íþróttæfingar, kennslu og keppni í Laugardal

Hjálögð drög að erindisbréfi starfshóps um aðstöðu fyrir íþróttæfingar, kennslu og keppni í Laugardal. eru lögð fram til kynningar. Á meðal helstu verkefna hópsins er að a) yfirfara hugmyndir, tillögur og þarfagreiningu Þróttar og Ármanns varðandi íþróttahús í Laugardal, b) yfirfara hugmyndir Þróttar um nýtt fyrirkomulag valla og gervigrasvalla í Laugardal, c) að fá upplýsingar um núverandi nýtingu og skipulag íþróttakennslu skóla í Laugardal, d) stilla upp tveimur eða fleiri tillögum að framtíðaraðstöðu mannvirkja, e) gera kostnaðargreiningu, meta þarfir á deiliskipulagsbreytingum og ger tillögur um meginlínur í samtarfi við skóla, íþróttafélög o.fl.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Drög að erindisbréfi starfshóps um aðstöðu fyrir íþróttæfingar, kennslu og keppni í Laugardal.

ERINDISBRÉF

Starfshópur um aðstöðu fyrir íþróttæfingar, kennslu og keppni í Laugardal

Ábyrgðarmaður:

Borgarstjórinn í Reykjavík

Aðstöðumál í Laugardal:

Óskir Þróttar, Ármanns og óskir sérsambanda innan íþróttahreyfingarinnar um aukna aðstöðu þeirra í Laugardal hafa verið til umræðu síðustu misseri, auk þarfa skóla í Laugardal fyrir aðstöðu til kennslu í leikfimi og íþróttum. Mikil aukning í iðkenda fjölda hefur verið í félögum Laugardal, einkum í knattspyrnu hjá Þrótti og körfuknattleik hjá Ármanni. Sérsambönd hafa kallað eftir þjóðarleikvöngum sem uppfylla alþjóðlegar kröfur, s.s. í frjálsum íþróttum, handknattleik og körfuknattleik, auk knattspyrnu.

Þjóðarleikvangur í knattspyrnu er til skoðunar í sérstökum hópi með aðkomu ríkis, borgar og KSÍ. Menntamálaráðherra hefur nýlega sett af stað vinnu við greiningu valkosta varðandi uppbyggingu og skilgreiningu þjóðarleikvanga í innanhúsiþróttum, með aðkomu borgarinnar, HSÍ og KKÍ. Meðal annars verður lagt mat á byggingu nýrrar hallar í Laugardal, nýtingu og breytingar á Laugardalshöll þannig að hún þjóni sem þjóðarleikvangur eða nýtingu annarra mannvirkja í því skyni. Þá eru áform um að safnfrístund í Laugardal verði í nýju fræðsluhúsi Fjölskyldu- og húsdýragarðsins.

Ljóst er að framtíðarnýting Laugardalshallar skiptir verulegu máli varðandi aðstöðumál barna- og unglunga í Laugardal. Verði hún helguð sérsamböndum sem þjóðarleikvangur getur það kallað á byggingu nýrrar aðstöðu fyrir börn og unglunga í Laugardal. Flytjist starfsemi á vegum sérsambanda annað þarf að leggja mat á hvaða breytingar eru nauðsynlegar á Laugardalshöll til að mæta þörfum barna og unglunga til æfinga og keppni. auk þarna skóla í nágrenninu til kennslu.

Hlutverk:

Hlutverk starfshópsins er að leggja mat á fyrirliggjandi hugmyndir að aðstöðusköpun fyrir æfingar, keppni og kennslu fyrir börn og unglunga í Laugardal, miðað við mismunandi niðurstöðu varðandi nýtingu Laugardalshallar. Fyrir liggja tillögur sem Þróttur hefur látið vinna og kynntar hafa verið borgaryfirvöldum sbr. bréf dags. 12. maí 2019 og 20. nóvember 2019. Fyrir liggja hugmyndir Íþróttar- og sýningahallarinnar um umbætur í Laugardalshöll.

Helstu verkefni:

- Að yfirfara hugmyndir, tillögur og þarfagreiningu Þróttar og Ármanns varðandi íþróttahús í Laugardal. Gert verði ráð fyrir að safnfrístund í Laugardal verði í nýju fræðsluhúsi í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum.
- Að yfirfara hugmyndir Þróttar um nýtt fyrirkomulag valla og gervigrasvalla í Laugardal.
- Að fá upplýsingar um núverandi nýtingu og skipulag íþróttakennslu skóla í Laugardal og þarfagreiningu SFS varðandi íþróttaaðstöðu skóla í Laugardal fyrir íþróttakennslu til framtíðar.
- Að stilla upp tveimur eða fleiri tillögum að framtíðaraðstöðu mannvirkja, miðað við að

Laugardalshöll verði eða verði ekki þjóðarleikvangur.

- Að gera kostnaðargreiningu varðandi nýframkvæmdir, breytingar og rekstur þeirra mannvirkja sem um ræðir, þmt að skoða mögulega nýtingu og rekstur Laugardalshallar.
- Að meta þarfir á deiliskipulagsbreytingum vegna hugmynda um velli og íþróttahús.
- Að gera tillögur um meginlínur í samstarfi við skóla, íþróttafélög o.fl. um nýtingu fyrirhugaðra mannvirkja miðað við nýtingarþörf félaga og skóla og hagkvæmni.

Starfshópurinn skipa:

Fulltrúar Reykjavíkurborgar (2-3):

Fulltrúi Þróttar:

Fulltrúi Ármanns:

Fulltrúi ÍBR.

Starfsmaður:

Starfsmenn íþróttar- og tómstundasviðs og umhverfis- og skipulagssviðs eftir atvikum, og vinnu hópsins.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn leiti ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu.

Starfstímabil:

Starfshópurinn skili ábyrgðarmanni niðurstöðuna fyrir lok febrúar 2020.

Reykjavík, []nóvember

2019 Dagur B. Eggertsson